

NSL 4, NEÐANSJÁVARVATNSLÖGN

MINNISBLAÐ

VERKNÚMER: 06247008
VERKHLUTI: 08-01
HÖFUNDUR: Tinna Jónsdóttir
RÝNIR: Þórhildur Guðmundsdóttir
DREIFING: Vestmannaeyjabær

DAGS.: 2026-03-12
NR.: 504666
ÚTGÁFA

Mat á áhrifum á vatnshlot vegna lagningar neðansjávarvatnsleiðslu yfir til Vestmannaeyja

Inngangur

Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 hafa verið innleidd með gerð Vatnaáætlunar Íslands 2022-2027¹ en hún felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Megin markmið laga um stjórn vatnamála er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Í lögunum kemur fram sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu að vatnsgæði rýrni ekki. Settar hafa verið tvær reglugerðir á grunni laga um stjórn vatnamála, þ.e. reglugerð um stjórn vatnamála nr. 935/2011 og reglugerð um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun nr. 535/2011.

Vestmannaeyjabær áformar lagningu nýrrar neðansjávarvatnsleiðslu (NSL4) milli Landeyjasands og Vestmannaeyja í því skyni að tryggja afhendingaröryggi neysluvatns til byggðar og atvinnulífs í Vestmannaeyjum. Fyrirhuguð leiðsla verður lögð um 12,5 km leið milli lands og Eyja og liggur að mestu leyti á hafsbotni, með landtöku í Bakkafjöru á Landeyjasandi og í Skansfjöru í Vestmannaeyjum.

Í þessu minnisblaði er lagt mat á hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot m.t.t. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og með hliðsjón af leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun um mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot.² Markmiðið er að greina hvort og þá hvernig framkvæmdin getur haft áhrif á umhverfismarkmið vatnaáætlunar með hliðsjón af vistfræðilegum og efnafræðilegum gæðapáttum.

Fjallað hefur verið um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar í matskyldufyrirspurn³ til Skipulagsstofnunar og var niðurstaða stofnunarinnar að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.⁴

¹ Umhverfisstofnun. Vatnaáætlun Íslands 2022-2027. Stjórn vatnamála. Apríl 2022.

² Umhverfisstofnun, 2024. *Mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot* – Leiðbeiningar fyrir framkvæmdaaðila, rekstraraðila, ráðgjafa og sveitarfélög um hvernig beri að framkvæma mat á áhrifum framkvæmda og starfsemi á vatnshlot (1. útgáfa). Umhverfisstofnun.

³ Verkís, 2025. *Neðansjávarvatnsleiðsla til Vestmannaeyja*. Fyrirspurn um matsskyldu. Unnið fyrir Vestmannaeyjabæ.

⁴ Skipulagsstofnun, 2026. *Neðansjávarvatnsleiðsla til Vestmannaeyja*. Ákvörðun um matsskyldu. Skipulagsstofnun



Verndarsvæði og leyfi

Samkvæmt vefsjá Náttúrufræðistofnunar, sbr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, nýtur Eldfellshraun verndar. Óraskað hraun er í nágrenni framkvæmdasvæðis í Vestmannaeyjum en ekki innan þess, þar sem svæðið takmarkast við landtöku í fjöru og rask verður staðbundið.

Engar skráðar fornminjar eru á framkvæmdasvæðinu, en fornleifar njóta almennt friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Verði fornleifar vart við framkvæmdir ber að stöðva vinnu tafarlaust og tilkynna Minjastofnun, í samræmi við lög.

Vestmannaeyjar eru á B-hluta náttúruminjaskrár vegna auðugs lífríkis, m.a. klóþangsfjöru við Kaplagjótu og Ræningjatanga og mikilvægra varpstöðva sjófugla. Ystiklettur (svæði 722), nærri framkvæmdasvæðinu, er á C-hluta skrárinnar vegna mikilla og sérstæðra fuglabyggða.

Framkvæmdin er ekki innan friðlýstra svæða og gert er ráð fyrir að hún verði útfærð með þeim hætti að rask verði lágmarkað og að ekki verði um varanleg áhrif á verndargildi svæða að ræða. Engin verndarsvæði eða aðrar landnotkunartakmarkanir eru innan framkvæmdasvæðis við Bakkafjöru á Landeyjasandi.

Engin vatnsverndarsvæði eru á fyrirhugaðri lagnaleið, hvorki innan marka Rangárþings eystra samkvæmt Aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020–2032⁵ né innan marka Vestmannaeyjabæjar samkvæmt Aðalskipulagi Vestmannaeyjabæjar 2015–2035.⁶

Samkvæmt 4. og 5. grein reglugerðar nr. 600/2018 um heimild til lagningar sæstrengja og neðansjavarleiðslna er framkvæmdin háð eftirfarandi leyfum eða samþykktum:

- Samþykki Umhverfis- og orkustofnunar, sbr. lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
- Framkvæmdaleyfi Vestmannaeyjabæjar og Rangárþings eystra innan netlaga, skv. skipulagslögum nr. 123/2010.
- Samþykki Samgöngustofu, sbr. lög um vitamál, nr. 132/1999.

Framkvæmdalýsing

Fyrirhugað er að leggja nýja neðansjavarvatnsleiðslu, NSL4, milli Landeyjasands og Vestmannaeyja til að auka afhendingaröryggi neysluvatns til Eyja. Leiðslan verður um 12,5 km að lengd og 8 tommur að þvermáli og mun liggja að mestu leyti á hafsbotni á um 30–90 m dýpi á milli lands og Eyja. Um er að ræða þrýstiberandi plastpípu með ytri styrktarlögum sem auka stöðugleika hennar og verja hana gegn hnjaski.

Leiðslan verður flutt út í heilu lagi með sérhæfðu kapalskipi og lögð eftir fyrirfram ákveðinni, hnitsettri lagnaleið. Skipið mun fara eins nálægt Landeyjasandi og aðstæður leyfa og verður leiðslunni fleytt upp í fjöru þar sem vinnuvélar taka við henni og draga að tengipunkti sunnan við núverandi dæluhús í Bakkafjöru. Að því loknu verður leiðslan dregin yfir hafsbotninn að Vestmannaeyjum og tekin á land í Skansfjöru þar sem hún tengist fyrirbyggjandi lögnum að vatnsveitu bæjarins.

Við báða tengipunkta þarf að grafa leiðsluna niður í fjöru til að tryggja stöðugleika og vernd hennar. Grafið verður yfir leiðsluna aftur með sama efni og upp kemur og er því ekki gert ráð fyrir efnistöku eða notkun aðflutts fyllingarefnis.

Næst Landeyjahöfn kann að verða þörf á að mynda rás í botn með spúlun til að tryggja fullnægjandi legu leiðslunnar. Utan við um 30 m dýpi verður leiðslan lögð beint ofan á hafsbotninn, en á dýpri kafla næst Vestmannaeyjum verður hún skorðuð með steiptum sökklum með um 50 m millibili til að tryggja stöðugleika hennar á botni.

Lagnaleiðin fylgir að mestu legu núverandi neðansjavarvatnsleiðslu (NSL3) og eru landtökustaðir hinir sömu og áður, sem dregur verulega úr raski. Framkvæmdatími er áætlaður um þrír mánuðir í heildina

⁵ Aðalskipulag Rangárþings eystra 2020-2032.

⁶ Aðalskipulag Vestmannaeyja 2015-2035.




og er stefnt að því að framkvæmdir fari fram yfir sumartímann 2026 þegar veður- og sjólagsaðstæður eru hagstæðar.

Framkvæmdin felur hvorki í sér aukna vatnstöku né breytingar á vatnsbúskap og ekki er gert ráð fyrir losun efna eða úrgangs í viðkomandi vatnshlot. Hún felst eingöngu í lagningu nýrrar neðansjávarvatnslagnar sem ætlað er að tryggja aukið rekstraröryggi vatnsveitunnar.

Lagnaleið og botngerð



Fyrirhuguð neðansjávarvatnsléiðsla NSL4 mun liggja frá Bakkafjöru á Landeyjasandi að Skansfjöru í Vestmannaeyjum, samsíða núverandi vatnsléiðslu (NSL3) sjá Mynd 1. Lagnaleiðin hefur verið hnitsett með hliðsjón af legu núverandi innviða, siglingaleiðum og hafnarmannvirkjum, með það að markmiði að lágmarka nýtt rask og tryggja hagkvæma og örugga legu leiðslunnar.




Mynd 1 Lega fyrirhugaðrar neðansjávarvatnslagnar milli lands og Vestmannaeyja. Rauð lína sýnir fyrirhugaða lagnaleið innan skilgreindra fiskveiðibannmarka (blá punktalína). Jafnframt er sýnd lega strengja og vatnslagna sem fyrir eru á svæðinu.

Frá landtöku á Landeyjasandi liggur leiðslan yfir sandfjöru og út á opið strandsvæði. Á hafsbotni liggur hún að mestu á 30–90 m dýpi, eins og fram kemur Mynd 2. Leiðin þverar opið hafsvæði milli lands og Eyja innan marka skilgreinds fiskveiðibanns, þar sem aðrar veituleiðslur eru einnig staðsettar.

Lagnaleiðin fylgir að mestu sömu legu og núverandi neðansjávarvatnslögn og nýtir sömu landtökustaði. Með því er komið í veg fyrir frekara rask á nýjum strandsvæðum og dregið úr mögulegum áhrifum á viðkvæm svæði á landi. Þar sem leiðslan er lögð ofan á hafsbotn á meginhluta leiðarinnar er rask á botngerð takmarkað við mjótt afmarkað svæði. Við landtöku þarf að grafa leiðsluna niður í fjöru, en grafið verður yfir hana aftur með sama efni og upp kemur, þannig að yfirborð botns og fjöru færist að mestu í fyrra horf að framkvæmd lokinni.



Samkvæmt flokkun botngerða, sjá Mynd 3, er undirlagið nær meginlandi aðallega fíngerður sandur en eftir því sem nær dregur Vestmannaeyjum verður botngerðin grófari, með auknu hlutfalli grófs sets og næst landi taka við grjót og klappir. Næst landi í Vestmannaeyjum tekur við hraun- og berggrunnur, en landtaka leiðslunnar er í sandfjöru í Skansfjöru þar sem svæðinu hefur þegar verið raskað vegna fyrri framkvæmda.



Mynd 3 Botnirgerð á lagnaleið samkvæmt evrópskri vefsíð⁷. Fyrirhuguð neðansjávarvatnsleiðsla (græn lína) liggur að mestu um sandbotn (flokkur 2) og grófara undirlag (flokkur 3), en á köflum nærri landi og eyjum um blandað set og klöpp/grjót (flokkar 4 og 5).

Gerð og efni vatnslagnar

Fyrirhuguð vatnsleiðsla er sérhönnuð neðansjávarlagn sem samanstendur af nokkrum lögum sem saman tryggja styrk, þéttleika og langan endingartíma í sjó. Uppbygging leiðslunnar er miðuð við að þola bæði ytri þrýsting sjávar, álag við lagningu og langtímarekstur á hafsbotni. Innsta lagið er úr sterku plastefni sem kallast háþéttni pólýetýlen (HDPE). Það myndar sjálfa vatnsrásina og sér til þess að vatnið haldist innan leiðslunnar án leka. Utan um innra lagið eru stállög sem veita leiðslunni styrk. Annað þeirra ver hana gegn þrýstingi sjávarins utan frá, en hitt tryggir að hún þoli tog og álag við lagningu og rekstur. Þessi uppbygging tryggir að leiðslan sé bæði sterk og nægilega sveigjanleg til lagningar á hafsbotni.

Yst er verndarlag úr endingargóðu plastefni (MDPE) sem ver leiðsluna gegn höggum, núningi og sliti. Verndarlagið hindrar jafnframt að sjór komist að stálhlutum leiðslunnar og dregur þannig úr hættu á tæringu. Samsetning þessara laga tryggir að vatnsleiðslan sé bæði sterk og endingargóð og henti vel til langvarandi notkunar á hafsbotni við íslenskar aðstæður.⁸

⁷ <https://www.emodnet-geology.eu>, skoðað 26.02.2026.

⁸ NOV. (n.d.). *Flexible pipe products*. Sótt af vef framleiðanda þann 3. mars 2026. Sjá: <https://www.nov.com/products/flexible-pipe-products>



Vatnshlot á áhrifasvæði framkvæmdar

Framkvæmdasvæðið liggur að mestum hluta innan strandsjávahlotsins *Dyrhólaey að Þorlákshöfn* (103- 1342-C). Umhverfismarkmið fyrir vatnshlotið eru að vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess nái að lágmarki góðu ástandi. Vatnshlotið er ekki talið í hættu samkvæmt gildandi vatnaáætlun, en vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess hefur ekki verið fullflokkað og telst því óþekkt. Staðbundið álag er til staðar vegna fráveitu frá Vestmannaeyjum, starfsemi þriggja fiskvinnslu og tveggja fiskimjölsverksmiðja.

Uppi á landi liggur vatnslögnin um grunnvatnshlotið *Landeyjar* (103-252-G), en við landtöku í Vestmannaeyjum liggur hún um grunnvatnshlotið *Eldfell* (103-242-G). Umhverfismarkmið fyrir grunnvatnshlotin eru að magnstaða sé góð og efnafræðilegt ástand gott, en magnstaða og efnafræðilegt ástand þeirra er óþekkt.

Ekki er talið að framkvæmdin hafi áhrif á ástand þessara grunnvatnshlota. Vatnsleiðslan mun að mestu liggja ofan grunnvatnsborðs við landtöku beggja vegna Eyjasunds og felur framkvæmdin hvorki í sér vatnstöku úr grunnvatni né breytingar á náttúrulegu rennslismynstri þess. Lagning leiðslunnar er staðbundin framkvæmd sem raskar ekki jarðlögum eða vatnsleiðandi lögum með þeim hætti að hún geti haft áhrif á grunnvatnsrennsli eða vatnsbúskap. Þá er hvorki gert ráð fyrir losun efna né annarri starfsemi sem gæti haft áhrif á efnafræðilegt ástand grunnvatns. Því er ekki talið að framkvæmdin hafi áhrif á magnstöðu eða efnafræðilegt ástand grunnvatnshlotanna né leiði til rýrnunar á ástandi þeirra í skilningi laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Fyrirhuguð vatnsleiðsla NSL4 mun ekki þvera nein skilgreind straumvatnshlot og ekki er gert ráð fyrir aukinni vatnstöku í tengslum við framkvæmdina.

Tafla 1 Helstu upplýsingar um strandsjávahlotið *Dyrhólaey að Þorlákshöfn* og grunnvatnshlotin *Landeyjar* og *Eldfell* eins og þær koma fyrir í Vatnavefsja.⁹

Heiti vatnshlots	<i>Dyrhólaey að Þorlákshöfn</i>	<i>Landeyjar</i>	<i>Eldfell</i>
Númer vatnshlots ID	103- 1342-C	103-252-G	103-242-G
Stærð km ²	4311	1266,8	8,9
Vatnsflokkur	Strandsjór	Grunnvatn	Grunnvatn
Vatnagerð	CS1	-	-
Verndarsvæði	Engin skráð	Engin skráð	Engin skráð
Umhverfismarkmið			
<i>Vistfræðilegt/Magnstaða</i>	Gott	Góð	Góð
<i>Efnafræðilegt</i>	Gott	Gott	Gott
<i>Áhætta</i>	Ekki í hættu	Óskilgreint	
Ástand			
<i>Vistfræðilegt/Magnstaða</i>	Óflokkað	Óþekkt	Óþekkt
<i>Efnafræðilegt</i>	Óþekkt	Óþekkt	Óþekkt
Álag	Staðbundið álag Skólphreinsistöð. Fráveita frá Vestmannaeyjum (15000 pe.), 3 fiskvinnslur og 2 fiskimjölsverksmiðjur.	Staðbundið álag. Sorpstöð Rangárvallasýslu, Strönd. Sorpurðun Byggðasamlags Hulu, Skógarsandi.	Ekkert skráð

⁹ Vatnavefsja, www.vatnavefsja.vedur.is skoðað 5.3.2026



Mat á áhrifum á vatnshlot

Vatnsleiðsla NSL4 verður lögð til hliðar við núverandi leiðslu (NSL3), beint ofan á hafsbott og með landtöku og tengipunktum annars vegar í Bakkafjöru á Landeyjasandi og hins vegar Skansfjöru í Vestmannaeyjum, á stöðum sem hefur þegar verið raskað vegna NSL3. Einhver gröftur mun verða í fjörum fyrir leiðsluna við báða tengipunkta en grafið verður yfir hana aftur með sama efni. Ekkert vatnsverndarsvæði er á fyrirhugaðri leið vatnsleiðslu NSL4. Vatnsleiðslan kemur ekki til með að þvera straumvötn og ekki er gert ráð fyrir aukinni vatnstöku vegna tilkomu hennar.

Hugsanleg áhrif á vistfræðilegt ástand

Upplýsingar um botndýralíf á lagnaleið vatnsleiðslunnar byggja meðal annars á rannsókn sem unnin var af RORUM vegna fyrirhugaðrar efnistöku Heidelberg Materials (Heidelberg sement) á hafsvæðinu við Landeyja- og Eyjafjallasand. Í þeirri rannsókn voru tekin sýni á fjölda stöðva á innan við 40 m dýpi vestan og austan Landeyjahafnar og greind tegundasamsetning og þéttleiki hryggleysingja á mjúkum botni. Niðurstöður RORUM sýna að á svæðinu næst Landeyjasandi eru burstaormar ríkjandi, einkum *Spiophanes bombyx* og *Nephtys ciliata*, auk þess sem krabbadýr (m.a. marflær og pungrækjur), samlokur og skrápdyr eru algeng. Í minnisblaði Verkís, *Áhrifamat vegna lagningar sæstrengja yfir Eyjasund*,¹⁰ voru gögn úr rannsókn RORUM nýtt til útreikninga á vistfræðilegum matsþáttum (AMBI og NQI1) fyrir vatnshlotagerðina CS2152 (opið suður/vestur). Niðurstöður bentu til þess að vistfræðilegt ástand á stöðvum næst lagnaleið væri gott til mjög gott.

Botngerð á fyrirhugaðri leið vatnsleiðslunnar er sambærileg og á þeim svæðum sem rannsókn RORUM náði til, einkum sand- og setbotn við Landeyjasand og í Eyjasundi. Með hliðsjón af niðurstöðum rannsóknarinnar og búsvæðalíkönunum (EUNIS) má því áætla að lífríki á lagnaleið einkennist af burstaormum, marflóm, samlokum og skrápdyrum á mjúkum botni, en nær Vestmannaeyjum taki við grófari botn og hart undirlag þar sem þang og þari eru líkleg til að vera ríkjandi.

Áhrif vatnsleiðslunnar á vistfræðilegt ástand takmarkast við framkvæmdatíma og felast einkum í tímabundinni gruggmyndun og staðbundnu raski á botndýrasamfélögum þar sem lögnin er lögð eða grefst að hluta í set. Þar sem svæðið einkennist af náttúrulegum setflutningum og óstöðugum búsvæðum, sérstaklega við Landeyjasand, er lífríki almennt aðlagð reglulegri röskun og endurheimt líklega hröð.

Með vísan til niðurstaðna rannsóknar RORUM vegna efnistöku Heidelberg Materials og úrvinnslu þeirra gagna í minnisblaði Verkís er talið að áhrif vatnsleiðslunnar á vistfræðilega og eðlisefnafræðilega gæðþætti strandsjávar séu lítilsháttar og staðbundin og ekki til þess fallinn að valda hnignun á vistfræðilegu ástandi strandsjávarhlotsins.

Hugsanleg áhrif á efnafræðilegt ástand

Helstu efni vatnsleiðslunnar eru háþéttni pólýetýlen (HDPE) í innra lagi, meðalþéttni pólýetýlen (MDPE) í ytra hlífðarlagi og stál (þrýsti- og togstyrking). Þessi efni eru ekki á skrá yfir forgangsefni samkvæmt VI. viðauka reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Stálhlutar leiðslunnar samanstanda að mestu af kolefnisstáli með lágum hlutföllum málmblandisefna. Járn og algeng málmblandisefni stáls eru ekki skilgreind sem forgangsefni samkvæmt framangreindri reglugerð. Ef til staðar eru snefilmagn annarra málma í stáli falla þeir almennt undir málma og málmlleysingja á lista II í reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, þar sem sett eru umhverfismörk fyrir ákveðna málma í yfirborðsvatni og sjávarseti. Ekki er gert ráð fyrir að slík efni losni í mælanlegu magni við eðlilegar aðstæður.

Engin reglubundin losun verður frá vatnsleiðslunni í rekstri. Möguleg efnaáhrif takmarkast við afar hægfara niðurbrot plastefna vegna áhrifa súrefnis, sjávar, hitastigs og álags yfir mjög langan tíma, auk hugsanlegrar tæringar stálhluta. Pólýetýlen (HDPE og MDPE) er efnafræðilega stöðugt efni með gott

¹⁰ Verkís, 2025. Áhrifamat vegan lagningar sæstrengja yfir Eyjasund. Minnisblað nr. 441431



viðnám gegn niðurbroti í sjó og hannað til langtímanotkunar í sjávarumhverfi. Niðurbrot þess er mjög hægfara og mælist yfir áratugi til alda, sérstaklega ef lögnin liggur stöðug á botni eða er grafin í set.

Vatnsleiðslan er lokað flutningskerfi og engin virk losun efna á sér stað í rekstri hennar. Möguleg efnaáhrif takmarkast við afar hægfara niðurbrot plastefna yfir mjög langan tíma vegna áhrifa sólarljóss og súrefnis, einkum á grunnnum svæðum. Slíkt niðurbrot er mjög hægfara og ekki talið leiða til mælanlegrar losunar efna sem geti haft áhrif á vistfræðilegt eða efnafræðilegt ástand viðkomandi vatnshlots.

Tafla 2 Líkleg áhrif framkvæmdar á vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand strandsjávarhlotsins Dyrhólaey að Þorlákshöfn (103- 1342-C).

	Vistfræðilegt ástand	Matsþættir	Áhrif framkvæmdar
Líffræðilegir gæðapættir	Svifþörungar	Blaðgræna <i>a</i> (µg/l)	Engin áhrif
	Hryggleysingar (á mjúkum botni)	Gæðavísirinn NQI1 (Norwegian Quality Index 1)	Lítilsháttar og staðbundin áhrif. Tímabundin gruggmyndun og rask þar sem lögn liggur.
	Botnþörungar (á hörðum botni*)	Tegundafjölbreytni Hlutfall grænþörungna Hlutfall rauðþörungna Hlutfall tækifæristegunda Lýsing fjöru	Lítilsháttar áhrif. Tímabundin röskun á botnþörungum við landtöku í fjöru í Vestmannaeyjum við og eftir framkvæmd.
Efna- og eðlisefnafræðilegir gæðapættir	Næringarefni	Fosfat PO ₄ (µmól/l) Nítrat NO ₃ (µmól/l)	Engin áhrif
	Forgangsefni	-	Engin áhrif
	Önnur mengandi efni (skv. lista I og II í reglugerð nr. 796/1999)	-	Engin áhrif
	Vaktlistaefni (lyfjaleifar og varnarefni)	-	Engin áhrif
Vatnsformfræðilegir gæðapættir**	Sjávarföll	Stefna ríkjandi strauma Ölduáhrif	Engin áhrif
	Formfræði	Breytileiki í dýpt Kornastærð og gerð sjávarbotns Gerð svæðis milli há- og láglæðismarka	Engin til lítilsháttar áhrif á sjávarbotn á afmörkuðu svæði.

*Reikna þarf út alla matsþættina til að fá heildarniðurstöðu

** Flokkunarkerfi ekki til; styðjast skal við skilgreinda gæðapætti í lið 1.1 í viðauka III í reglugerð nr. 535/2011



Niðurstaða

Hvorki framkvæmdir við lagningu neðansjávarvatnsleiðslunnar né rekstur hennar eru talin líkleg til að valda teljandi álagi á viðkomandi vatnshlot. Við lagningu og landtöku leiðslunnar beggja vegna Eyjasunds má þó búast við staðbundnu og tímabundnu raski, einkum í formi gruggmyndunar og röskunar á botnseti og lífríki á því svæði sem lendir undir lögninni.

Áhrif framkvæmdarinnar verða bæði staðbundin og skammvinn og takmarkast við lítið svæði innan vatnshlotanna. Að teknu tilliti til eðlis framkvæmdarinnar og umfangs hennar eru áhrifin því metin engin til lítilsháttar.

Ekki er talið að framkvæmdin muni hafa áhrif á grunnvatnshlotin Landeyjar (103-252-G) og Eldfell (103-242-G), þar sem vatnsleiðslan mun að mestu liggja ofan grunnvatnsborðs við landtöku beggja vegna Eyjasunds. Stærð og gerð leiðslunnar eru jafnframt þess eðlis að hún er ekki talin hafa áhrif á grunnvatnsrennsli eða strauma. Þá er ekki gert ráð fyrir losun efna frá leiðslunni sem gætu haft áhrif á efnafræðilegt ástand grunnvatns.

Með hliðsjón af framangreindu eru taldar hverfandi líkur á að framkvæmdin hafi áhrif á vistfræðilegt ástand vatnshlotsins. Lagning vatnsleiðslunnar yfir Eyjasund er því ekki talin leiða til rýrnunar á vistfræðilegu ástandi strandsjávarhlotsins né hafa áhrif á flokkun þess samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.